

Tillaga til 480. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 23. september 2021

Tillaga frá 1166. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 6. september 2021, um að bæjarstjórn samþykki viðauka 9 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna viðhalds á snjótroðara á skíðasvæði.

5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021 – Nr. 9 - 2021030050

Lagður fram til samþykktar viðauki 9 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2021 vegna viðhalds á snjótroðara á skíðasvæði.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 8.359.133,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 8.359.133,- og lækkar neikvæð rekstrarniðurstaða úr 312.768.500,- í kr. 321.127.633,-

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 8.359.133,- og lækkar rekstrarafgangur úr 109.865.500,- í kr. 101.506.367,-

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 9 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna viðhalds á snjótroðara á skíðasvæði.